



Alþingi
Erindi nr. P 139/959
komudagur 14.12.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 14. desember 2010.

Varðar: umsögn um 87. mál, þskj. 92., lþ. 139, frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur ofl. (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn)

Með tölvubréfi dags. 24. nóvember 2010 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur ofl. (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn), 87. mál, þskj. 92, lþ. 139.

Jafnréttisstofa lýsir stuðningi sínum við þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða kynjahlutföll í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og í stjórnnum samvinnufélaga og sameignarfélaga.

Um 1. gr. frumvarpsins:

Þar segir í 2. mgr. „Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins séu kynjahlutföll jöfn.“ Jafnréttisstofa tekur undir þetta og vonar að ákvæðið verði samþykkt. Jafnréttisstofa bendir á að það þyrfti að koma fram með skýrari hætti hvernig á að tryggja ofangreint og hvaða afleiðingu það hefur verði það ekki gert. Jafnréttisstofa bendir einnig á að 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 tekur m.a. til stjórna fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Um 2. gr. frumvarpsins:

Jafnréttisstofa styður það að samþykkt verði að bæta því við að tryggt skuli að í stjórn Landsvirkjunar sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%. Jafnréttisstofa bendir á að það þyrfti að koma fram með skýrari hætti hvernig á að tryggja ofangreint og hvaða afleiðingu það hefur verði það ekki gert. Jafnréttisstofa bendir einnig á að 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 tekur m.a. til stjórna fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Um 3. gr. frumvarpsins:


Jafnréttisstofa styður þá breytingu sem lögð er til að ákvæði um kynjakvóta verði tekið upp í lög um samvinnufélög, eins og nú þegar er í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Nauðsynlegt er að tryggja að ákvæðið hafi raunverulega áhrif og því leggur Jafnréttisstofa til

að í 11. gr. og 13. gr. laganna verði tekið fram að kynjahlutfall þurfi að koma fram við skráningu og að skráningu verði synjað sé það ekki í samræmi við 1. mgr. 27. gr. laganna, þ.e. eftir að kynjakvótaákvæði hefur verið lögfest.

Um 4. gr. frumvarpsins:

Jafnréttisstofa styður þá breytingu sem lögð er til að ákvæði um kynjakvóta verði tekið upp í lög um sameignarfélög, eins og nú þegar er í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Nauðsynlegt er að tryggja að ákvæðið hafi raunveruleg áhrif og því leggur Jafnréttisstofa til að í 45. gr. laganna um skráningu í firmaskrá verði bætt við að upplýsingar um kynjahlutföll í stjórn þurfi að koma fram og að í 49. gr. um synjun skráningar komi skýrt fram að ef kynjahlutföll séu ekki í samræmi við kynjakvótaákvæðið í 1. mgr. 13. gr., þegar það hefur verið lögfest, þá leiði það til þess að skráningu verði synjað.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur